



VINAGARÐUR

Leikskóli KFUM og KFUK

HANDBÓK UM SNEMMTÆKA ÍHLUTUN

2024

Meginmarkið uppeldis og kennslu í leikskóla er að fylgjast með og efla alhliða þroska barna, veita skipulega málörvun og hlúa að börnum andlega, vitsmunalega og líkamlega í samræmi við þarfir hvers og eins.

Lög nr. 90/2008 um leikskóla



Í handbókinni eru upplýsingar um snemmtæka íhlutun, möguleika á stuðningi og verkferla fyrir foreldra og starfsfólk.

Hvers vegna snemmtæk íhlutun?

Á fyrstu árunum í lífi barns eru miklar framfarir í þroska og færni á öllum sviðum. Tímabilið fram að grunnskólagöngu er eitt mikilvægasta þroskatímabil barnsins þar sem þau mynda tengsl, læra að tjá sig í gegnum tungumál, læra og þjálfast í hegðun og samskiptum og þroska ýmsa aðra vitsmunapætti. Sum börn geta verið seinni til að ná ákveðnum þroskastigum og færni heldur en búast mætti við og sá munur sem kemur fram á þessum árum getur viðhaldist og jafnvel aukist þegar líður lengra á skólagöngu barnsins sé ekki brugðist við¹. **Snemmtækri íhlutun** er ætlað að hjálpa þeim börnum að ná ákveðnum markmiðum og skrefum með því að koma sem fyrst auga á frávík og bjóða viðeigandi stuðning.

Fyrstu sex árin í lífi barns er hægt að hafa mikil óbein áhrif á starfsemi heilans þar sem starfsemi hans er á þessu tímabili mjög sveigjanleg og ósérhæfðari en síðar verður Hugmyndafræði snemmtækrar íhlutunar gengur út á það að byrja nógu snemma með markvissa þjálfun eða kennslu til að draga úr námserfiðleikum eða jafnvel koma í veg fyrir þá (Tryggvi Sigurðsson, 2007²).

Stuðningur við börn sem þurfa sérstaka aðstoð og þjálfun er skilgreindur í [reglugerð 584/2010](#) um skólaþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla þar sem segir að stuðningurinn skuli veittur innan leikskólans, undir handleiðslu sérfræðinga og í samráði við foreldra. Í reglugerðinni er einnig lögð áhersla á snemmtækt mat á stöðu barna. Lög um samþætta þjónustu til barna eða [farsældarlögin](#) voru svo samþykkt 2021 en markmið þeirra er að börn og foreldrar sem á því þurfa að halda hafi aðgang að samþættri þjónustu við hæfi án hindrana. Lögin tóku gildi 1.janúar 2022.

Á árunum 2013 til 2015 var gerð [úttekt](#) á framkvæmd stefnunnar um menntun án aðgreiningar í íslensku skólakerfi. Í niðurstöðum kom fram að leikskólastigið er í einstakri aðstöðu til að sinna snemmtækri íhlutun og stendur starfsfólk leikskóla sig vel í að tileinka sér þessa hugmyndafræði. Í ábendingum úttektarinnar kemur fram að bæta þurfi matsaðferðir sem notaðar eru við að greina stöðu barna og stuðning sem þau þurfa.

Í Reykjavík var mótuð [stefna í sérkennslu leikskóla](#) árið 2009 Í stefnunni er meginstefið að leikskólar skuli taka mið af **hugmyndafræði leikskóla án aðgreiningar**, í dag oftast nefnt **menntun fyrir alla**. Gæta þarf þess að öll börn fái jöfn tækifæri í leik og námi eins og kostur er. Vinna ber samkvæmt [hugmyndafræði snemmtækrar íhlutunar](#) enda tímabilið frá fæðingu barns fram að sex ára aldri sérlega mikilvægt fyrir þroskaframvindu barnsins. Stefnan tekur mið af íslenskum lögum og reglugerðum sem að framan eru nefndar, en einnig aðalnámskrám og alþjóðlegum samþykktum um skóla án aðgreiningar. Þar kemur fram að snemmtæk íhlutun er hluti af hugmyndafræðinni sem er undirstaða leikskóla án aðgreiningar.

¹ Þýtt af heimasíðu Early Intervention Foundation: <https://www.eif.org.uk/what-its-about/early-years>

² [Snemmtæk ihlutun.pdf \(rgr.is\)](#)

Yfir hvað nær snemmtæk íhlutun?

Á heimasíðu [Understood](#) samtakanna (bandarísk regnhlífarsamtök ýmissa aðila sem vinna með börnum og foreldrum) er þeim þroska- og færnisviðum sem snemmtæk íhlutun getur náð til ágætlega lýst:

- **Tjáning og samskiptafærni** (t.d. tala, hlusta, skilja aðra)
- **Félagsfærni og tilfinningagreind** (leika, eiga í samskiptum)
- **Vitsmunaproski** (t.d. hugsa, læra, leysa vandamál)
- **Líkamleg færni** (t.d. skríða, ná í, ganga, teikna, byggja)
- **Sjálfs hjálpi** (t.d. borða, klæða sig)



Ferli snemmtækrar íhlutunar í Vinagarði

Snemmtæk íhlutun getur verið krefjandi ferli. Það felur í sér samskipti og samþættingu vinnu margra aðila úr ólíkum áttum og ákvarðanatöku sem hefur áhrif á börn, fjölskyldur og starfsfólk leikskóla. Í Vinagarði eru helstu skrefin í ferlinu þessi:

- **Samtal er alltaf fyrsta skrefið** vakni áhyggjur af stöðu barnsins hjá foreldrum eða kennurum. Í samstarfi við foreldra er fundið út hvar vandinn birtist og leiðir til að styðja við barnið heima og í leikskólanum settar fram.
- **Náist ekki þær framfarir** sem stefnt var að er komið að því að fjalla um barnið á **lausnateymisfundi** sem eru haldnir reglulega yfir starfsárið. Lausnateymisfundir sitja allir deildarstjórar, sérkennslustjóri og sérfræðingar frá þjónustumiðstöð hverfisins. Markmið lausnateymisfunda er að geta rætt málefni barna og fengið álit og hugmyndir að lausnum frá sérfræðingum á skjótan hátt og þannig hægt byrja fyrr á markvissum stuðningi. Fundargerð er gerð eftir hvern fund og eru foreldrar upplýstir um fundinn og tillögur er varða þeirra barn. Algengar tillögur sem koma af lausnateymisfundum eru að sérfræðingur af Norðurmiðstöð kemur og fylgist með barninu í daglegu starfi á deildinni og gefur ráðgjöf og/eða ráðleggingar um barnahópinn í heild.
- **Stuðningur við barnið heldur áfram** innan deildar eða jafnvel í sérstökum þjálfunarstundum. Með reglulegu millibili **endurmeta** deildarstjórar og sérkennslustjóri árangur stuðnings eftir 6-8 vikur.
- Ef **endurmat** sýnir að stuðningur við barnið skilar góðum árangri er tekin ákvörðun um áframhaldandi stuðning eða hvenær stuðningi skuli ljúka. Ef þörf er fyrir langtímastuðning er stofnað **teymi** með foreldrum, sérkennslustjóra, deildarstjóra og sérkennsluráðgjafa sem fundar eftir þörfum.
- Sérkennslustjóri veitir starfsfólki og foreldrum ráðgjöf á öllum stigum þessa ferlis.

Hvers konar stuðningur er í boði?

Þjónustubörf barns er metin af sérkennslustjóra í leikskólanum í samvinnu við sérfræðiþjónustu á Norðurmiðstöð. Foreldrar geta fengið ýmsa ráðgjöf þar og hafa möguleika á að senda inn viðtalsbeiðni til sérfræðinga á Norðurmiðstöð í samstarfi við sérkennslustjóra leikskólans. Sérfræðingar bjóða upp á viðtal allt að þrjú skipti.

Leikskólastjóri ásamt sérkennslustjóra bera ábyrgð á því fjármagni sem leikskólinn hefur til þess að sinna stoðþjónustu skólans. Leikskólar fá úthlutað fjármagni eftir stærð þeirra.



Fjármagnið á að duga til þess að koma á móts við börn með snemmtækri íhlutun og ekki sótt um sérstaka úthlutun til barna nema stuðningur við þau sé vegna mikilla sérþarfa og þeim fylgi gögn, svo sem frumgreining einhverfu, greining frá Ráðgjafar og greiningarstöð ríkisins (RGR), barnalækni vegna veikinda, Geðheilsumiðstöð barna, Heyrnar- og talmeinaðstöð Íslands (HTÍ) og Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, dauðblinda og sjónskerta einstaklinga.

Lög um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna tóku gildi 1. janúar 2022. Markmiðið er að tryggja að börn og foreldrar fái rétta aðstoð, á réttum tíma, frá réttum aðilum. Fjölskyldum og börnum sem þurfa stuðning er tryggður

aðgangur að tengilið farsældar í nærumhverfi barnsins, svo sem í leikskóla eða grunnskóla. Tengiliður farsældar veitir upplýsingar og leiðbeiningar um þjónustu og stuðlar að því að börn og forsjáraðilar hafi aðgang að þjónustu án hindrana. Til að óska eftir samþættri þjónustu geta börn, ungmenni og forsjáraðilar haft samband við tengilið farsældar sem í Vinagarði er Ragnhildur Gunnarsdóttir sérkennslustjóri.

Skimanir, athuganir, próf og matslistar

Í Vinagarði bera deildarstjórar, sérkennslustjóri og leikskólastjóri ábyrgð á því að meta stöðu barna, þörf fyrir stuðning og árangur af íhlutun. Mikilvægt er að starfsfólk láti vita telji það barn þurfa mögulega á stuðningi eða frekari örvun að halda. Samt sem áður geta ýmis merki farið framhjá starfsfólki í dagsins önn og því er lögð áhersla á það í allri stefnumótun um snemmtæka íhlutun að notast sé við skimanir til viðbótar við ýmsar athuganir og próf sem sérkennslustjóri hefur í verkfærakistu sinni til að meta stöðu barna eftir þörfum.

Skimanir eru þess eðlis að þær eru lagðar fyrir alla í ákveðnum aldurshópi barna í þeim tilgangi að finna börn sem þurfa á stuðningi að halda á því sviði sem skimunin nær til. Einnig geta niðurstöður skimunar gefið kennurum upplýsingar til að skipuleggja starfið og áherslur fyrir barnahópin í heild sinni.

TRAS er skráningaraðferð til notkunar fyrir leikskólakennara til að fylgjast með málhegðun og málþróun tveggja til fimm ára barna.

Það sýnir á myndrænan hátt hvar barn er stadd í málþroska og hvernig þróunin hefur verið og auðveldar upplýsingamiðlun og ráðgjöf til foreldra. Tras er fyllt út fyrir öll börn í Vinagarði að minnsta kosti árlega. Niðurstöðum er miðlað til foreldra í foreldrasamtölum.



EFI-2 er málproskaskimun fyrir börn á fjórða ári. Niðurstöðurnar gefa upplýsingar um hvar börn eru stödd hvað varðar málskilning og máltjáningu. Skimunin sýnir hvaða börn gætu þurft á stuðningi að halda eða þyrftu nánari athugun talmeinafræðings. Þegar skimunin hefur verið lögð fyrir öll börn á deild fæst betri yfirsýn yfir málþætti sem vinna þarf með. Sérkennslustjóri leggur EFI-2 og ræðir niðurstöður við viðkomandi deildarstjóra og foreldra ef þurfa þykir.

HLJÓM-2 er próf í leikjaformi sem nýtt er til að skima hljóðkerfisvitund elstu barna í leikskólanum til að finna þau börn sem gætu átt í erfiðleikum með lestur síðar meir. Prófið er lagt fyrir að hausti og aftur að vori fyrir þau börn sem fengu slaka niðurstöðu til að mæla árangur stuðnings sem hefur verið veittur í leikskólanum. Foreldrar og grunnskóli fá upplýsingar um niðurstöður úr prófinu.

Norðurmiðstöð býður eftirfylgni og ráðgjöf varðandi niðurstöður í Efi-2 og Hljóm-2.



Ígilding Skennandi
Jóhanna Einarsdóttir
Anna Sörensdóttir

Auk þessara skimana sem framkvæmdar eru þá hefur sérkennslustjóri yfirsýn yfir fjölmargar athuganir, skimanir, gátlista og próf sem hægt er að nota til að afla frekari upplýsinga um stöðu einstakra barna. Foreldrar eru alltaf upplýstir áður en gripið er til slíkra athugana vegna þeirra barns. Niðurstöður eru stundum ræddar við sérfræðinga á Norðurmiðstöð. Þeir geta veitt frekari ráðgjöf eða lagt til aðkomu annarra sérfræðinga.

Hér eru dæmi um verkfæri sem hægt er að grípa til vegna barna á leikskólaaldri:

- **Orðaskil** er málþroskapróf fyrir börn á aldrinum 1,5-3 ára. Þetta próf metur orðaforða, beygingarkerfi og setningagerð og gefur niðurstöður miðað við eðlileg mörk jafnaldra.
- **Íslenski þroskalistinn** er fyrir börn á aldrinum 3-6 ára. Mælir getu á mál- og hreyfisviði og niðurstaðan er þroskatala sem hægt er að bera saman við eðlileg mörk jafnaldra.
- **Íslenski smábarnalistinn** er fyrir börn 18 – 38 mánaða og mælir sömu þætti og íslenski þroskalistinn.
- **Mat á hegðunarvanda** er matslisti sem er ætlaður börnum frá þriggja ára aldri. Í matslistanum er aðdragandi, birtingarmynd og viðbrögð vegna erfiðrar hegðunar barns skráð í nokkur skipti.
- **SDQ** er matslisti sem er ætlaður 4-6 ára börnum. Mælir hegðun, líðan, tilfinningar og félagsfærni.
- **Hæfnirammar í Íslensku fyrir fjölbýngd börn** sem ætlað er að styðja við framfarir barna í íslensku.
- **AEPS** þroskalisti er bæði fyrir yngri og eldri börn á leikskólaaldri. Metur stöðu og framfarir barns út frá þörfum, styrkleikum og veikleikum barnsins sjálfs. Niðurstöðurnar nýtast sem grunnur að einstaklingsnámskrá og til að skipuleggja stuðning sem mætir þörfum barnsins.
- **Orðaforðalisti Menntamálastofnunar (2017-2031)** er listi sem inniheldur dæmi um mikilvægan grunnorðaforða sem gott er að hafa á valdi sínu sem undirstöðu fyrir vaxandi mál- og lesskilning. Orðasafnið er hugsað sem verkfæri fyrir leikskólakennara og foreldra að styðjast við þegar þeir vinna að eflingu orðaforða barna.



Málörvunarstundir

Þau börn sem þurfa sérstaka málörvun fá stuðning annað hvort inni á sinni deild eða fara í sérstaka málörvunarstundir. Markmiðið með málörvunarstundum er að efla börnin á þeim sviðum sem þau þurfa aðstoð; gera þau sjálfstæðari, öruggari og meiri þátttakendur. Efling tjáningar og orðaforða hjálpar börnunum að ná þessum markmiðum.

Málörvunarstundir eru oftast undirbúnar fyrir eina viku í senn þar sem skráð er hvað á að gera í stundinni og hvaða efni á að nota. Eftir hverja stund er skráð hvernig gekk og sérstaklega ef það er eitthvað sem þyrfti að bæta eða framkvæma á annan hátt. Í þeim tilvikum er unnið með það tiltekna efni aftur, en þá mögulega á annan eða einfaldari hátt. Mikilvægt er að skrá árangur stundarinnar til þess að geta leitað í skipulagið og séð hvernig hægt er að bæta og breyta, hvað virkar og hvað virkar ekki.

Hjá yngri börnum er áhersla á að efla tjáningu, orðaforða og skilning, svo sem með því að herma eftir nýjum orðum, dýrahljóðum og syngja. Einnig skiptir miklu máli að auka skilning á einföldum fyrirmælum og samskiptum svo sem að sitja kyrr, hlusta, passa hendur, muna, biðja um aðstoð, skiptast á og deila. Einföld flokkun á orðum og hlutum, ímyndunarleikir, nöfn á börnum, kennurum og fjölskyldu eru önnur dæmi um áherslur í málörvun yngri barna. **Hjá eldri börnum** er haldið áfram að efla orðaforða og málskilning, tileinka sér flóknari fyrirmæli og samskiptareglur. Auk þess kemur inn áhersla á málskilning og íslensku málhljóðin, svo sem að klappa atkvæði, ríma, flokka saman orð sem byrja á sama hljóði og vinna með bókstafi og málhljóð. Skilningur og minni eru til dæmis þjálfuð með því að spyrja spurninga út frá sögum og fá þau til að endursegja efni þeirra.

Í Vinagarði er nokkuð til af sérhæfðu efni sem hentar vel til málörvunar og annars stuðnings. Spil, bækur og önnur kennslugögn eru flokkuð eftir ákveðnu kerfi til að auðvelda starfsfólki leikskólans að finna viðeigandi málörvunarefni.

- **Gulur** – orðaforði
- **Rauður** – Málfræði: málvitund, setningamyndun, málskilningur og litir
- **Grænn** – Framburður og hljóðkerfisvitund: atkvæði, þekkja rím og greina hljóð í orðum
- **Blár** – Samleikur/félagsfærni, tjáskipti/samskipti og athygli/einbeiting
- **Hvítur** – Heyrnarminni/vinnsluminni
- **Bleikur** – tölustafir, magn og form

Áætlun um mat á námi og velferð barna

Í Aðalnámskrá leikskóla er lögð áhersla á að meta færni, nám og líðan barna í leikskólanum. Matið á að vinna í samstarfi kennara, annars starfsfólks, foreldra og barna og á að leiða til þess að í leikskólanum sé enn betur stutt við nám og vellíðan barnsins. Einnig eiga upplýsingarnar að geta leitt til þess að skipulag leikskólastarfsins í heild sé endurskoðað í þeim tilgangi að styðja við og efla börnin í námi og samskiptum.

Einstaklingsmiðað mat

Ferilmöppur Þegar barn byrjar skólagöngu í Vinagarði er stofnuð ferilmappa sem fylgir barninu út leikskólagönguna. Í möppuna fara frjáls verkefni barns, verkefni sem sýna þroskaskref, s.s. árlegar sjálfmyndir, námssögur og önnur verkefni sem sýna námsferil barnsins.

Námssögur Á öllum deildum er unnið með námssögur, þar sem barn tjáir sig um upplifun í leikskólastarfinu eða rifjar upp upplifun utan skólans, tekur þátt í endursögn hópsins um ákveðin viðfangsefni eða æfir sig í að lýsa fyrirbærum. Á eldri deildum eru tekin einstaklingsviðtöl í lok hverrar annar um hugtakaskilning eða árstíðir.

Gefðu 10 er notuð á deildum fyrir öll börn.

Tras skráning er gerð árlega fyrir öll börn þar sem auk málþroska er verið að skima stöðu félagsþroska barnanna. Farið er yfir niðurstöður í foreldraviðtölum. **Efi-2** skimunin er lögð fyrir öll börn þegar þau ná þeim aldri sem skimunin nær til eða í kringum þriggja ára aldur. **Hljóm-2** er lögð fyrir öll 5 ára börn. Sérhæfðari gátlistar eru á hendi sérkennslustjóra.

Á vorin eru **skilafundir** deildarstjóra þar sem hvert barn er rætt, styrkleikar, áhugasvið og tækifæri til að efla barnið auk þess sem sérkennslustjóri situr fundi ef barn er með sérstakan stuðning.

Hópamiðað mat

Gátlistar úr viðmiðum um gæði leikskólastarfs og Menntastefnu Reykjavíkur. Deildir fá reglulega til umræðu og útfyllingar á deildarfundum ákveðna gátlista, t.d. um velferð og líðan barna, starfshætti, skipulag náms, viðmót og menningu, félagsfærni og sjálfsefningu. Er hluti af innra mati leikskólans. Niðurstöður eru nýttar í umbótastarf á deildum og í skólanum í heild.

Matsteymi tekur nokkrum sinnum á ári rýnihópa barna. Umræðuefnið er mismunandi en alltaf komið inn á líðan, samskipti við starfsfólk, áhrif á leikskólastarfið og áhugasvið barnanna.

Á hverju ári tekur allt starfsfólk þátt í sameiginlegu matsverkefni þvert á allar deildir skólans. Matsverkefnin eru alltaf skráningar og sem dæmi um mat er námsumhverfi og leikur innan dýra, innihald og þátttaka barna í kristilegum stundum, skráning á leik og samskiptum barna á útisvæði. Niðurstöður nýttar í umbótaáætlun skólans, bæði á deildum og skólanum í heild.

Að lokum

Góð samskipti foreldra og kennara eru forsenda þess að barn nái að nýta leikskólagönguna til fulls og taki þeim framförum í þroska og námi sem mögulegar eru. Í B.ed. ritgerð Gígju Sigurðardóttur (2020) segir: Foreldrar og kennarar þurfa hafa sameiginlegan skilning sýn á nám og þroska barnanna. Þar sem foreldrar eru í ríkjandi hlutverki í lífi barna sinna skiptir máli að kennarar og foreldrar séu í góðu samstarfi. Foreldrasamstarf byggir á trausti milli kennara og foreldra og þurfa báðir aðilar að miðla upplýsingum sín á milli þannig að kennarar fái innsýn í líf fjölskyldunnar og áhugamál og getu barnanna svo kennarar geti skilið aðstæður barnanna og betur mætt þörfum þeirra og áhuga. Á móti geta kennarar deilt með foreldrum námi og líðan barnanna í leikskólanum. Gígja segir ennfremur (bls 14):

Í gegnum samskipti öðlast foreldrar skilning á námi og leik barna í leikskólanum. Þeir fá víðari sýn á þroska ungra barna og þekking leikskólakennara hjálpar foreldrum að átta sig á hvort hegðun barna sé raunverulegt áhyggjuefni eða ekki.

Það er von okkar að þessi handbók um stuðning í leikskólastarfinu stuðli að auðveldara samtali foreldra og kennara um nám og þroska barnsins og veiti innsýn í þær leiðir sem leikskólinn hefur til þess að styðja við börnin á þessu mikilvæga þroskaskeiði þeirra.